

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Jóni Þór Ólafssyni um launagreiðslur til lækna.

1. *Hversu margir læknar standa á bak við þau 569 ársverk sem tilgreind eru í samantekt fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 19. desember 2014 um launagreiðslur til lækna?*

Samkvæmt upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti standa 745 læknar bak við þau 569 ársverk sem tilgreind eru í samantektinni. Einnig kom fram að um er að ræða drög að samantekt sem ná hvorki til heilsugæslulækna né skurðlækna. Fullunnar upplýsingar um meðaltalslaun lækna hafa nú verið birtar á heimasíðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

2. *Hvert er hlutfall grunnlauna af meðalheildartekjum lækna á Landspítala?*

Hlutfall grunnlauna af meðalheildartekjum lækna á Landspítala var 63,9% árið 2013 og 62,7% árið 2014. Hlutfallið miðast við föst laun sem innifela mánaðarlaun með álagi samkvæmt kjarasamningi, fasta yfirvinnu samkvæmt kjarasamningi og aðra fasta yfirvinnu. Nánari upplýsingar koma fram í meðfylgjandi töflu. Kandiðatar og almennir læknar eru í Læknafélagi Íslands.

		2013		2014	
		Meðallaun		Meðallaun	
Læknafélag Íslands	Föst laun á mánuði	687.013	64,80%	694.904	63,40%
Læknafélag Íslands	Samtals laun á mánuði	1.059.646		1.096.118	
		2013		2014	
		Meðallaun		Meðallaun	
Skurðlæknafélag Íslands	Föst laun á mánuði	851.847	57,90%	858.405	58,40%
Skurðlæknafélag Íslands	Samtals laun á mánuði	1.470.637		1.470.777	
		2013		2014	
		Meðallaun		Meðallaun	
LÍ og SKÍ	Föst laun á mánuði	704.594	63,90%	711.442	62,70%
LÍ og SKÍ	Samtals laun á mánuði	1.103.482		1.134.014	

3. *Hver er meðalvaktabyrði lækna umfram átta tíma vinnudag?*

Vaktir kandiðata og almennra lækna eru staðarvaktir og er þá skylt að dvelja á vinnustað meðan á vakt stendur. Um 85% af vöktum sérfræðilækna eru gæsluvaktir þar sem læknir kemur á vinnustað ef um útkall er að ræða. Kandiðatar og almennir læknar vinna að jafnaði 21% umfram átta stunda vinnudag á vöktum. Sérfræðilæknar og yfirlæknar vinna að jafnaði um 42% umfram átta stundir á vöktum. Við samanburð verður að hafa í huga að viðvera á gæsluvöktum er um 20–25% af vakttíma.

Vaktabyrði umfram 8 stunda vinnudag 2014	Vaktbyrði	Þar af staðarvaktir	Þar af gæsluvaktir
Kandiðatar og læknar með lækningaleyfi	21%	Allar vaktir	
Sérfræðilæknar og yfirlæknar	42%	15%	85%